

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Aðstoð við lágtekjuhópa vegna verðbólgu

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá 7. apríl sl., um aðstoð til lágtekjuhópa vegna verðbólgu. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Verðbólga mælist nú 6,7 prósent og hefur ekki verið meiri í áratug. Þessa verðbólgu má að mestu leiti rekja til framboðsskorts á húsnæði. Þetta hefur leitt til þess að nýlega hækkuðu stýrivextir úr 2 í 2,75%. Þetta þýðir að róður ákveðinna hópa mun þyngjast verulega. Að óbreyttu munu mánaðarlegar afborganir hækka um tugi þúsunda hjá þeim sem nýlega eru komnir á fasteignamarkaðinn. Námsmenn og láglaunafólk mun lenda í vanda sérstaklega þeir sem tekið hafa óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum. Undanfarin ár hefur sárvantað aukið framboð á hagkvæmu húsnæði í Reykjavík og ekki er útlit fyrir breytingar á næstunni ef þessi borgarmeirihluti heldur áfram. Verðbólgan bitnar ávallt verst á þeim sem hafa minnst milli handanna. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort og hvernig Reykjavíkurborg ætlar að bregðast við þessu? Ætlar Reykjavíkurborg að samþykkja að grípa til einhverra sértækra aðgerða til að hjálpa þeim sem berjast í bökkum að halda húsnæði sínu til að þrauka þangað til að aðstæður skána? Ætlar Reykjavíkurborg að samþykkja að auka fjárheimildir til að auka stuðning við þá sem eru á leigumarkaði en þar er fólk að greiða allt að fjórðung tekna sinna í leigu? Mun Reykjavíkurborg samþykkja að skoða hvort ákveða þurfi sértækar aðgerðir til að hlaupa undir bagga með barnafjölskyldum sem eru með tekjur undir 442.324 kr. á mánuði (þ.e. 5.307.888 kr. á ári) t.d. með gjaldfrjálsum skólamáltíðum og gjaldfrjálsum frístundaheimili?.“

Reykjavíkurborg hefur skýru hlutverki að gegna þegar kemur að aðstoð við íbúa sveitarfélagsins í samræmi við lög um nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í því felast skyldur til að veita tekjulágum fjárhagsaðstoð sem uppfylla skilyrði í samræmi við reglur sem sveitarfélagið setur. Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að fjárhagsaðstoð geti numið allt að 4,4 ma.kr. árið 2022. Þá skal sveitarfélagið „eftir því sem kostur er og þörf er á tryggja framboð af leiguhúsnæði, félaglegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna“. Í því skyni starfrækir Reykjavíkurborg Félagsbústaði hf. og veitir stofnframlög til óhagnaðardrífina íbúðafélaga. Umfang borgarinnar í því sambandi er umtalsvert ef litið er til samanburðar við önnur sveitarfélög landsins. Þá skulu sveitarfélög veita sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur. Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir 1,1 ma.kr. árið 2022 í sérstakan húsnæðisstuðning.



Ekki hefur verið tekið ákvörðun um sérstök úrræði umfram það sem að ofan hefur verið talið.

*Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*